



Reykjavík, 13. júní 2024
SFS24050139

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um breytingu á skráningu og gjaldtöku fyrir viðveru barna í leikskólum vegna daga í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. júní 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júní 2024, ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 24. maí 2024 og jafnréttisskimun, dags. 23. maí 2024:

Lagt er til að leikskólagjöld verði felld niður hjá öllum börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska), alla virka daga í báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar) og alla virka daga á milli jóla og nýárs. Ennfremur er lagt til að þurfi börn að sækja leikskóla þessa daga skuli foreldrar skrá börnin sín sérstaklega og greiða sérstaklega fyrir vistunina samkvæmt gjaldskrá leikskóla. Boðið verður upp á að skrá börn staka daga innan tímabils. Lagt er til að breytingin taki gildi þann 1. september 2024 og reglum um leikskólaþjónustu verði breytt til samræmis við framangreint.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra lagði fram svohljóðandi bókun:

Leikskólastjórar fagna tillögu um að breyta skráningu og gjaldtöku fyrir viðveru barna í leikskólum vegna daga í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs. Áætlun um börn sem mæta ekki og án tilkynningar, er varlega áætluð, því mjög margir senda inn seinkomna tilkynningu um fjarvist/frí samdægurs sem telst þá ekki ótilkynnt/fjarvist, það nýtist ekki við skipulag mannauðs né hagkvæmni í rekstri. Þessi nýja tillaga býður upp á mun betri nýtingu á mannauði og hagkvæmni í rekstri og er í takt við það sem gert er í öðrum stærri sveitarfélögum.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.



Reykjavík



Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 10. júní 2024

Umsögn FAS, dags. 24. maí 2024

Jafnréttisskimun, dags. 23. maí 2024



Reykjavík

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breyting á skráningu og gjaldtöku fyrir viðveru barna í leikskólum vegna daga í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs.

Lagt er til að leikskólagjöld verði felld niður hjá öllum börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska), alla virka daga í báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar) og alla virka daga á milli jóla og nýárs. Ennfremur er lagt til að þurfi börn að sækja leikskóla þessa daga skuli foreldrar skrá börnin sín sérstaklega og greiða sérstaklega fyrir vistunina samkvæmt gjaldskrá leikskóla. Boðið verður upp á að skrá börn staka daga innan tímabils. Lagt er til að breytingin taki gildi þann 1. september 2024 og reglum um leikskólaþjónustu verði breytt til samræmis við framangreint.

Greinargerð:

Í núgildandi reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu kemur eftirfarandi fram í 5. mgr. í gr. 1.b:

Leikskólagjöld eru felld niður vegna barna sem ekki sækja leikskóla á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga milli jóla og nýárs, alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska) og alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar), enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu á umsokn.vala.is fyrir tilgreindan umsóknarfrest. Umsóknarfrestur um niðurfellingu gjalda fyrir daga á milli jóla og nýárs er til 10. desember ár hvert. Fyrir dymbilviku og vetrarfrí grunnskóla er umsóknarfrestur auglýstur með 30 daga fyrirvara og gildir í tvær viku.

Tillagan felur í sér að í stað þess að foreldrar sækja um niðurfellingu gjalda á tilgreindu tímabili verði leikskólagjöld felld niður hjá öllum börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska), alla virka daga í báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar) og alla virka daga á milli jóla og nýárs. Ennfremur er lagt til ef foreldrar þurfa á leikskóla að halda þessa daga skuli foreldrar skrá börnin sín sérstaklega og greiða sérstaklega fyrir vistunina. Meginreglan verður því sú að ekki er gert ráð fyrir barninu í leikskólanum þessa daga og leikskólagjöld lækkuð sem þessum dögum nemur.

Helsta ástæðan fyrir tillögunni er að í núverandi fyrirkomulagi geta foreldrar sótt um niðurfellingu á leikskólagjöldum gegn því að skrá börn í frí á þessum umræddu dögum. Hlutfall barna sem hefur verið sótt um niðurfellingu fyrir hefur verið frá 9 – 54%, misjafnt eftir tímabilum. En á hverju tímabili hefur hluti barna hvorki sótt um niðurfellingu né látið vita að þau verði í fríi.

Þetta þýðir að leikskólastjórar hafa gert ráð fyrir þessum börnum í mat og mannað leikskólana í samræmi við fjöldann með tilheyrandi matarsóun og ofmönnun. Sem dæmi má áætla að kostnaður við matarinnkaup sem ekki nýttist vegna þessa hafi verið um 3 milljónir kr. á þessu skólaári. Með þessari tillögu verður hægt að tryggja betri nýtingu mannauðs og fæðis með því að miða við þann fjölda sem er skráður hverju sinni.

Heildartekjulækkun við að skrá öll börn í frí þessa daga er áætlaður um 136 milljónir kr. yfir skólaárið en sem dæmi eru þetta 10 dagar yfir skólaárið 2024 – 2025.

Til að áætla tekjur á mótí er í tillögunni settar fram þrjár sviðsmyndir sem gera ráð fyrir 20%, 40% og 60% skráningu barna þessa 10 daga.

Fjárhagsleg áhrif af tillögunni er áætluð tekjulækkun upp á um 60 milljónir kr. miðað við 20% skráningu og tekjulækkun upp á um 5 milljónir kr. miðað við 60% skráningu. Meðalhluftfall barna sem mættu í leikskólann þessa daga á síðasta skólaári var 62%. Því má áætla að tekjur á mótí á næsta skólaári verði um 84 milljónir kr. Til viðbótar kemur lækkun launakostnaðar sem getur orðið allt að 46 milljónir miðað við nýtingu í leyfum á þessu starfsári og engin ofmönnun verði, sem og hagræðing í matarinnkaupum upp á um 3 milljónir kr. Miðað við sama þátttökufjölda og á síðasta skólaári yrðu fjárhagsleg áhrif tillögunar tekjulækkun upp á tæpar 3 milljónir. Sú fjárhæð rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Ítarlegri greinargerð:

Almennt um niðurfellingu gjalda og skráningu barna.

Borgarráð samþykkti þann 15. nóvember 2018 að foreldrar gætu sótt um niðurfellingu gjalda virka daga á milli jóla og nýárs að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana. Borgarráð samþykkti enn fremur þann 30. mars 2023 að foreldrar gætu sótt um niðurfellingu gjalda í vetrarleyfum grunnskóla og í dymbilviku að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana á hverju tímabili. Fyrirkomulagið hefur fest sig í sessi í Reykjavík og hafa margar fjölskyldur nýtt sér þennan möguleika á liðnum árum. Eins og kemur fram í töflum 2 – 3 hér að neðan þá hafa 45% - 54% barna í leikskólum sótt um niðurfellingu á gjöldum á milli jóla og nýárs og 9% - 17% barna í vetrarleyfum grunnskóla og í dymbilviku á skólaárinu 2023-2024. Í töflunum kemur einnig fram árleg tekjulækkun. Í jólafrí hefur hún verið frá 6,7 - 14 milljónum kr. en misjafn fjöldi daga á tímabilinu á milli jóla og nýárs og fjöldi barna hefur þar áhrif. Í vetrarleyfum og dymbilviku hefur hún verið frá 1,3 - 4,4 milljónum kr.

Þrátt fyrir að hægt sé að óska eftir niðurfellingu gjalda er nokkur hópur foreldra sem gerir það ekki þrátt fyrir að nýta ekki þessa daga. Í töflu 4 má sjá meðaltal af þeim sem ekki mæta í leikskólann þessa daga. Leikskólastjórar verða því að gera ráð fyrir að þau börn mæti, bæði hvað varðar mönnun og matarinnkaup. Ef skoðað er hversu margir mæta ekki þá eru það á milli 14% - 43% sem ekki létu vita af fjarveru í jólafríi, vetrarfríum og dymbilviku. Áætlaður kostnaður vegna matarinnkaupa og förgunar á mat sem ekki nýttist er í heildina gróflega áætlað um 3 milljónir fyrir skólaárið 2023 - 2024. Margir skólar eru með aðkeyptan mat og sem ekki er unnt að nýta síðar.

Tafla 1. Tölulegar upplýsingar um umsóknir á niðurfellingu gjalda á milli jóla og nýárs

Ár	Fjöldi barna sem sótti um niðurfellingu	Fjöldi daga	Hluftfall af fjölda barna	Tekjulækkun
2023	2671	3	50%	13 milljónir kr.
2022	2478	4	45%	14 milljónir kr.
2021	2857	4	54%	6,7 millj. kr.*

2020	2497	3	48%	11,2 millj. kr.
------	------	---	-----	-----------------

Í töflu 1 má sjá fjölda umsókna um niðurfellingu gjalda milli jóla og nýárs frá árunum 2020-2023. Fjöldi daga er misjafn.

*Ekki marktæk upphæð þar sem á þessu tímabili var einnig boðið upp á niðurfellingu gjalda í vikunni fyrir jól og væri réttari tala 21 milljón kr. fyrir 8 daga.

Tafla 2. Tölulegar upplýsingar um niðurfellingu gjalda í dymbilviku og í vetrarleyfum grunnskóla 2023 – 2024.

Tímabil	Fjöldi barna sem sótti um niðurfellingu	Fjöldi daga	Hlutfall af fjölda barna	Tekjulækkun
Vetrarleyfi október 2023	617	3	12%	2,5 milljónir kr.
Vetrarleyfi febrúar 2024	514	2	9%	1,3 milljónir kr.
Dymbilvika mars 2024	912	3	17%	4,4 milljónir kr.

Í töflu tvö má sjá umsóknir um niðurfellingu gjalda í vetrarleyfum og í dymbilviku. Hlutfall þeirra sem sóttu um niðurfellingu gjalda var frá 9% - 17%. Í vetrarleyfum var nokkuð um að sótt var um niðurfellingu en foreldrar mættu með börnin.

Tafla 3. Tölulegar upplýsingar um fjölda barna í jólafrí, vetrarfríum og dymbilviku 2023-2024 sem sóttu ekki um niðurfellingu og mættu ekki í leikskólann.

Tímabil	Heildar fjöldi barna sem mættu ekki	Fjöldi sem sótti um niðurfellingu eða létu vita af fríi	Fjöldi sem sóttu ekki um niðurfellingu en mættu ekki	Hlutfall þeirra sem hvorki mættu né létu vita af heildarfjölda	Áætlaður kostnaður vegna ónýttts matar og förgun	Áætluð hagræðing í launa-kostnaði
Vetrarleyfi október 2023	1412	930	482	34%	700.000 kr.	11.712.600 kr.
Jólaleyfi desember 2023	3679	3151	527	14%	800.000 kr.	12.806.000 kr.
Vetrarleyfi febrúar 2024	1453	827	627	43%	900.000 kr.	10.157.400 kr.
Dymbilvika mars 2024	1675	1206	469	28%	700.000 kr.	11.396.700 kr.

Í töflu þrjú má sjá fjölda barna sem ekki mættu í leikskólann á þessum tímabilum. Þær fjarvistir sem hægt er að gera ráð fyrir með færra starfsfólki og minni matarinnkaupum eru þær sem sótt er um niðurfellingu fyrir eða að foreldrar láti vita af frídögum, alla dagana eða hluta af dögum. Þær fjarvistir sem ekki er hægt að gera ráð fyrir eru þegar börnin mæta ekki og ekki látið vita fyrirfram. Þá þarf að gera ráð fyrir mönnun og fæði. Sjá má að frá 14% - 43% af þeim sem ekki mættu létu ekki vita af fjarvist þá daga. Meðalhlutfall barna sem mættu í leikskólann þessa daga á síðasta skólaári var 62% af heildarfjölda leikskólubarna í Reykjavík. Gróflega áætlaður kostnaður vegna matarokaupa og förgun á mat sem nýtist ekki er um 3 milljónir kr.

fyrir árið 2023-2024. Áætluð hagræðing í launakostnaði af skráningu þeirra sem sóttu ekki um niðurfellingu og mættu ekki eru í kringum 46 milljónir. Forsenda þessa útreiknings er að allt starfsfólk sem ekki verður við störf á þessum dögum séu að taka út orlof á tímanum eða styttingu. Talsverð óvissa er þó um fjárhæðina þar sem að hún byggir á gefnum forsendum.

Á milli jóla og nýárs, í dymbilviku og í vetrarleyfum grunnskóla hefur leikskólastjórum gefist tækifæri til að skipuleggja starfið miðað við mesta mögulega barnafjölda hverju sinni. Reynslan hefur sýnt að aðeins hluti þeirra barna mæta í leikskólann þrátt fyrir að ekki hafi verið sótt um niðurfellingu gjalda, sbr. töflu 3.

Með þessari nýju tillögu þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólavist þessa daga. Það ætti að gefa leikskólastjórum mun betri mynd af starfsmannþörf fyrir þann fjölda sem skráir sig viðkomandi dag og leiðir til meiri hagkvæmni í matarkaupum og starfsmannahaldi. Þannig skapast svigrúm fyrir leikskólastjóra til að leyfa orlofstöku starfsfólks eða að starfsfólk sem hefur unnið af sér vikulega vinnuskyldu þurfi ekki að koma til starfa. Þetta felur í sér hagræði vegna afleysingar við undirbúning og minnkar líkur á þörf á yfirvinnu.

Áskoranir leikskólastigsins

Í kjarasamningum Reykjavíkurborgar við Eflingu, Sameyki og Félag leikskólakennara frá 1. janúar 2020 var Betri vinnutími innleiddur í leikskólum Reykjavíkur og samhliða því fékk allt starfsfólk leikskóla 30 daga orlof á hverju orlofsári. Þessum breytingum hefur fylgt áskorun fyrir leikskólastjórnendur. Leikskólar loka að jafnaði í 20 virka daga yfir sumartímann og þá standa eftir 10 orlofsdagar sem starfsfólk þarf að taka út. Þar að auki hefur reynst áskorun að tryggja öllum umsaminn styttri vinnutíma án þess að það kosti aukinn mannafla.

Heimild er í núverandi kjarasamningi FL og Reykjavíkurborgar að félagsmenn í FL geti safnað upp styttingu á hverju ári. Fyrirkomulagið gerir þá ráð fyrir að starfsmenn safni styttingu og vinni 40 stunda vinnuviku að jafnaði miðað við fullt starf. Þá gefst þeim tækifæri á taka út styttingu, t.d. yfir sumartímann, í dymbilviku og á milli jóla og nýárs. Sumir leikskólar í Reykjavík eru með þetta fyrirkomulag og hefur það gengið vel. Það auðveldar útfærslu á styttingu vinnuvikunnar í viðkomandi leikskólum þar sem hluti starfsmanna tekur út vikulega styttingu á meðan félagsmenn FL safna upp styttingu.

Fram hefur komið í samtali við leikskólastjóra að það sé áskorun að innleiða Betri vinnutíma í leikskólum og skipuleggja leikskólastarfið miðað við þær forsendur. Þessi leið er liður í því að draga úr álagi í leikskólum en ákveðin merki eru um álag í leikskólum sem þarf að vinna með. Má þar nefna háa starfsmannaveiltu, fáiðun og hátt veikindahlutfall.

Með þessari tillögu er verið að stíga skrefið í átt að samræmdum starfsaðstæðum í leik- og grunnskólum. Þann 1. janúar 2020 tóku gildi lög 95/2019 um eitt leyfisbréf kennara sem veitir þeim sem er með leyfisbréf kennara heimild til að starfa á öllum skólastigum, þ.e. við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Á liðnum árum hafa margir félagsmenn FL fært sig yfir í önnur félög innan KÍ eða önnur stéttarfélög. Frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020 voru tilfærslur félagsmanna frá FL yfir í FG að meðaltali 33.5 félagsmenn á önn. Útreikningar fyrir tímabilið 1.janúar 2021 til 10. október 2022 sýndu að tilfærslur voru að meðaltali 23.25 félagsmenn á önn yfir 4 annir.

Það er því mikilvægt að bregðast við og sporna við þeirri þróun að leikskólakennarar sæki í auknum mæli yfir í starfsumhverfi grunnskólans. Þessi tillaga er einn liður til þess. Horft er til þess að forsendur kjarasamninga heimili að starfsfólk leikskóla geti haft lengri vikulega vinnuskyldu og tekið hluta af styttingu í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og/eða á milli jóla og nýárs.

Með þessari tillögu er einnig verið að ganga skrefið lengra í átt að fjölskylduvænna samfélagi í Reykjavík. Þar sem hvatt er til samverustunda fjölskyldunnar þegar tækifæri gefst til. Þó mun ávallt vera sveigjanleiki fyrir þá sem þurfa á þjónustu að halda þessa daga. Leikskólinn verður áfram opin þessa daga sem um ræðir og foreldrum sem þurfa á þjónustunni að halda geta skráð börnin sérstaklega.

Almennt um tillöguna

Í tillögunni er gert ráð fyrir að leikskólagjöld verði felld niður og öll börn skráð í leyfi á ákveðnum dögum yfir skólaárið. Um er að ræða daga á eftirfarandi tímabilum:

- Alla virka daga í dymbilviku.
- Alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarfríum grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali skóla- og frístundaráðs.
- Alla virka daga á milli jóla og nýárs.

Með dymbilviku er átt við vikuna fyrir páska en skráning á þá við um mánudag, þriðjudag og miðvikudag fyrir skírdag og föstudaginn langa.

Vetrarleyfi grunnskóla eru þrjú dagar á haustönn og tveir dagar á vorönn, samtals fimm virkir dagar yfir skólaárið. Með vetrarleyfi í grunnskóla er átt við vetrarleyfi samkvæmt samþykktu skóladagatali skóla- og frístundaráðs.

Með dögum á milli jóla og nýárs er átt við alla virka daga sem lenda á milli tímabilsins frá 26. desember til 31. desember ár hvert.

Boðið verður upp á að foreldrar skrái börn sín sérstaklega þurfi þau á þjónustu leikskóla að halda og greiði sérstaklega fyrir hvern dag miðað við gjaldskrá leikskóla. Þannig verði ekki til aukakostnaður fyrir foreldra þurfi þeir á þjónustu leikskólans að halda þá daga sem um ræðir. Er það í samræmi við nýlega samþykktu tillögu borgarráðs frá 30. apríl sl. um að draga úr hækkunum á gjaldskrár vegna þjónustu við börn og barnafjölskyldur.

Fjárhagsleg áhrif vegna tillögunnar

Mikilvægt er að benda á að hagræðing með þessar tillögu er meðal annars að ekki þarf að kalla til afleysingarstarfsfólk til að leysa af þá sem taka út orlof umfram lokun leikskólans, svo fremur sem búið verði að fullmanna þá daga sem um ræðir. Þá gefst möguleiki á að leyfa starfsfólki að taka út uppsafna styttingu en mörg dæmi eru um að leikskólastjórar þurfi að óska eftir því að starfsfólk vinni undirbúning utan opnunartíma leikskólans ef undirbúningur fellur niður, m.a. vegna vinnustyttingar annarra starfsmanna. Undirbúningur sem unnin er utan opnunartíma er greiddur í yfirvinnu. Þar að auki er minni kostnaður þá daga sem færri börn og færri starfsfólk er að störfum. Þar er átt við matarkostnað og ýmsan annan starfsmannakostnað.

Hér á eftir er gerð grein fyrir tekjulækkun borgarinnar vegna niðurfellingu gjalda annars vegar og tekjum vegna skráningar á þessa tilteknu daga, sem og hagræðingu í matarinnkaupum og launakostnaði. Spá um vænta tekjulækkun fyrir Reykjavík, ef tillagan yrði samþykkt, er reiknuð út frá því að gjöld verði felld niður fyrir þann fjölda daga sem eru í vetrarfríum, jólafríum og dymbilviku í október, desember, febrúar og mars/apríl, um 10 dagar á ári. Í töflu 5 kemur fram niðurfelling fyrir hvert tímabil í hvorum flokki fyrir hvert barn.

Spá um tekjur vegna skráningar eru reiknaðar út frá þeim fjölda sem hefur verið skráður á hverju tímabili undanfarin misseri. Mikill munur hefur verið milli tímabila hversu mörg börn hafa mætt, fæst í jólafríið og flest í vetrarfrí í febrúar. Gert er ráð fyrir að um 4.605 börn séu í flokki

1 og 844 í flokki tvö. Flokkur 1 eru börn hjóna og sambúðarfólks og flokkur 2 eru börn einstæðra foreldra, starfsmanna í leikskólum Reykjavíkur, öryrkja og námsmanna.

Tafla 5. Niðurfelling gjalda á hverju tímabili og alls á ári fyrir hvert barn miðað við alla daga.

	Fjöldi daga	Samtals flokkur 1	Samtals flokkur 2
Vetrarleyfi í október 24	3	7.045 kr.	5.212 kr.
Jólafrí 2024	2	5.628 kr.	4.067 kr.
Vetrarleyfi í febrúar 25	2	5.200 kr.	3.794 kr.
Dymbilvika í mars 25	3	8.104 kr.	5.885 kr.
Alls niðurfelling á ári	10	25.976 kr.	18.959 kr.

Reiknað er út frá 8,5 tíma vistun og reiknað út sá kostnaður sem hvert barn fær niðurfellt á hverju tímabili fyrir í flokki 1 og flokki 2. Niðurfellingin á ári fyrir hvert barn í flokki 1 er 25.976 kr. og 18.959 kr. fyrir hvert barn í flokki 2. Gert er ráð fyrir að um 4.605 börn séu í flokki 1 og 844 í flokki tvö. Þetta eru því tæplega 136 milljónir kr. á skólaári sem tekjur lækka ef að allir eru í vistun upp á 8,5 klukkustundir þessa daga. Ekki allir í svo langri vistun þannig að gera má ráð fyrir minni tekjulækkun.

Í tillögunni er lagt til að foreldrar greiði fyrir skráningu þessara daga samkvæmt gjaldskrá leikskóla þannig að niðurfelling á leikskólagjöldum gangi tilbaka þurfi foreldrar á þjónustu leikskólans að halda á þessum tilteknu dögum. Í töflu 5 hér að ofan má sjá hver niðurfelling yrði hjá hverju barni miðað við barn sem er með 8.5 tíma vistun, bæði í flokki 1 og flokki 2 á hverju tímabili. Gert er ráð fyrir 136 millj. kr. tekjulækkun miðað við að öll börn verði skráð í leyfi þessa daga.

Í töflu 6 er spáð fyrir um tekjur miðað við gjaldskrá leikskóla og mismunandi fjölda barna sem væri skráð á hverju tímabili. Reiknað er út frá að um 4.605 börn séu í flokki 1 og 844 í flokki tvö.

Tafla 6. Spá um tekjur ef niðurfelling gengur tilbaka vegna skráningar í vetrarleyfum, jólafrí og dymbilviku.

Tímabil	Fjöldi daga	20% skráning	40% skráning	60% skráning
Vetrarleyfi október 2024	3	7.368.231 kr.	14.736.461 kr.	22.104.692 kr.
Jólafrí desember 2024	2	5.869.898 kr.	11.739.795 kr.	17.609.693 kr.
Vetrarleyfi febrúar 2025	2	5.429.627 kr.	10.859.254 kr.	16.288.882 kr.
Dymbilvika mars 2025	3	8.457.172 kr.	16.914.344 kr.	25.371.516 kr.
Samtals	10	27.124.927 kr.	54.249.855 kr.	81.374.782 kr.

Í töflu 7 má sjá fjárhagsleg áhrif vegna tillögunnar út frá hámarkstekjulækkun upp á 136 milljónir kr., hagræðing í matarinnkaupum og launakostnaði vegna afleysinga ásamt skráningu miðað við 20%, 40% og 60% þátttöku. Möguleg fjárhagsleg áhrif tillögunnar er

tekjulækkun upp á um 60 milljónir kr. miðað við 20% skráningu og tekjulækkun upp á um 5 milljónir kr. miðað við 60% skráningu.

Tafla 7. Heildar fjárhagsleg áhrif vegna niðurfellingar gjalda og skráningargjalda

2024 - 2025	20% skráning	40% skráning	60% skráning
Hámarks tekjulækkun	136.000.000 kr.	136.000.000 kr.	136.000.000 kr.
Spá um tekjur	27.124.927 kr.	54.249.855 kr.	81.374.782 kr.
Hagræðing vegna matarinnkaupa	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Hagræðing vegna afleysingar	46.072.800 kr.	46.072.800 kr.	46.072.800 kr.
Fjárhagsleg áhrif	-59.802.273 kr.	-32.677.345 kr. kr.	-5.552.418 kr.

Á móti er minnt á að veruleg hagræðing getur orðið í starfsmannahaldi ef það tekst að stýra starfsmannahaldinu á þann veg að nýta tíma starfsmanna til orlofstöku eða að starfsfólk sem hefur unnið af sér vikulega vinnuskyldu þurfi ekki að koma til starfa. Þetta felur í sér hagræði vegna afleysingar, bæði vegna mönnunar og undirbúnings og minnkar þörf á yfirvinnu vegna undirbúningstíma. Hér gæti hagræðing orðið allt að 46 milljónir kr. Til viðbótar má benda á að meðalhlotfall barna sem mættu í leikskólann þessa daga á síðasta skólaári var 62% og því má áætla að tekjur gætu orðið um 84 milljónir kr. ef að skráning verður í samræmi við mætingu síðasta árs. Miðað við sama þáttökufjölda og á síðasta skólaári yrðu fjárhagsleg áhrif tillögunar tekjulækkun upp á tæpar 3 milljónir. Sú fjárhæð rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Tafla 8

Fjárhagsleg áhrif tillögunar miðað við 62% skráningu barna

2024 - 2025	62% skráning barna
Hámarks tekjulækkun	136.000.000 kr.
Spá um tekjur	84.087.275 kr.
Hagræðing vegna matarinnkaupa	3.000.000 kr.
Hagræðing vegna afleysingar	46.072.800 kr.
Fjárhagsleg áhrif	-2.839.925 kr.

Mikilvægt er að hafa í huga að með tillögunni er vonast til að létta álag í skipulagi leikskólastarfs sem gæti haft jákvæð áhrif á starfsmannaveltu, faliðun og veikindahlutfall starfsmanna. Það hefði mjög jákvæð fjárhagsleg áhrif ef til tekst.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Tillaga um breytingu á skráningu og gjaldtöku fyrir viðveru barna í leikskólum vegna daga í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs.

Umsögn

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu um breytingu á skráningu og gjaldtöku fyrir viðveru barna í leikskólum vegna daga í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs.

Í dag er hægt að sækja um niðurfellingu gjalda milli jóla og nýárs, í vetrarleyfum grunnskóla og í dymbilviku að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana.

Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði hafa á milli 9-54% barna í leikskólum nýtt sér þennan möguleika síðustu ár, misjafnt eftir tímabilum. Árlegur beinn kostnaður í formi tekjulækkunar hefur verið á milli 7,5 – 14 m.kr. og skýrist munurinn helst af fjölda daga sem niðurfellingin tekur tillit til á hverju ári og fjölda barna. Á hverju tímabili hefur hluti barna hvorki sótt um niðurfellingu né látið vita að þau verði í fríi. Áætlaðir kostnaður vegna matarinnkaupa og förgunar á mat sem ekki nýtist er í heildina gróflega áætlað um 3 milljónir fyrir skólaárið 2023-2024. Einnig má nefna að frítaka barna hefur veitt leikskólastjórum svigrúm til að leyfa orlofstöku starfsfólks eða úttekt á uppsafnaðri styttingu vinnuvikunnar hjá félögum í FL.

Skóla- og frístundasvið leggur til að leikskólagjöld verði felld niður og að öll börn verði skráð í leyfi á ákveðnum dögum yfir skólaárið. Um er að ræða alla virka daga í dymbilviku, alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarfríum grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali skóla- og frístundaráðs og alla virka daga milli jóla og nýárs. Boðið verður upp á að skrá börn sín sérstaklega þurfi þau á þjónustu leikskóla að halda. Boðið verður upp á að skrá börn staka daga innan tímabilsins og mun þá vera greitt samkvæmt gjaldskrá leikskóla.

Í kostnaðarmati skóla- og frístundasviðs er gert ráð fyrir hámarks tekjulækkun að upphæð 136.000 þ.kr. en sem dæmi þá eru þetta 10 dagar yfir skólaárið 2024-2025. Til að áætla tekjur á móti er í tillögunni settar fram þrjár sviðsmyndir sem gera ráð fyrir 20%, 40% og 60% skráningu barna þessa 10 daga. Í töflum hér fyrir neðan má sjá heildar fjárhagsleg áhrif tillögunnar.



Heildar fjárhagsleg áhrif vegna niðurfellingar gjalda og skráningargjalda

2024 – 2025	20% skráning	40% skráning	60% skráning
Hámarks tekjulækkun	136.000.000 kr.	136.000.000 kr.	136.000.000 kr.
Spá um tekjur	-27.124.927 kr.	-54.249.855 kr.	-81.374.782 kr.
Hagræðing vegna matarinnkaupa	-3.000.000kr.	-3.000.000 kr.	-3.000.000 kr.
Hagræðing vegna afleysingar	-46.072.800 kr.	-46.072.800 kr.	-46.072.800 kr.
Fjárhagsleg áhrif	59.802.273 kr.	32.677.345 kr.	5.552.418 kr.

Skóla- og frístundasvið bendir á að með tillögunni er vonast til að geta létt álag í skipulagi leikskólastarfs sem gæti leitt af sér jákvæð áhrif á starfsmannaveltu, faliðun og veikindahlutfall starfsmanna. Það hefði svo í för með sér frekari jákvæð fjárhagsleg áhrif er til tekst.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillöguna og telur að hún feli í sér tækifæri í betri nýtingu fjármuna ásamt því að ná fram öðrum markmiðum sínum. Út frá þeim forsendum sem fjármála- og áhættusvið hefur varðandi fjárhagsleg áhrif tillögunnar þá er lagt til að hún sé samþykkt en sviðið leggur einnig til að tillaga þessi fari í gegnum jafnréttisskimun, og í framhaldinu jafnréttismat leiði skimunin til þeirrar niðurstöðu til að hægt sé að meta tillöguna með fullnægjandi hætti. Einnig er vakin athygli á því að nokkur óvissa er um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í fjárhagslega matinu s.s. um fjölda barna í leyfi og orlofstöku starfsmanna. Því er mikilvægt að fylgjast með árangrinum af þessari breytingu. Einnig er mikilvægt að benda á að ekki er fjárhagslegt svigrúm til að veita viðbótarfjármagn í verkefnið og því mikilvægt að sviðið endurskoði forgangsröðun verkefna/eða þjónustu til að mæta þeim fjáruútlátum sem verkefnið kann að kalla á.

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	23.5.2024
Svið:	Skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Ólafur Brynjar Bjarkason
Verkefni/tillaga:	Breyting á skráningu og gjaldtöku fyrir viðveru barna í leikskólum vegna daga í dymbilviku, í vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs.
Þjónustubáttur:	Leikskóli
Stofnun/kostn.st.:	Skóla- og frístundasvið
Fjárhæð:	Óvíst út frá skráningu barna. Tekjulækkun leikskólagjalda frá 55 - 136 millj. kr. – hagræðing í tengslum við mönnun helst í hendur við skráningu barna í leikskóla umrædda daga.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Í núgildandi reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu kemur eftirfarandi fram í 5. mgr. í gr. 1.b:

Leikskólagjöld eru felld niður vegna barna sem ekki sækja leikskóla á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga milli jóla og nýárs, alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska) og alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar), enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu á umsokn.vala.is fyrir tilgreindan umsóknarfrest. Umsóknarfrestur um niðurfellingu gjalda fyrir daga á milli jóla og nýárs er til 10. desember ár hvert. Fyrir dymbilviku og vetrarfrí grunnskóla er umsóknarfrestur auglýstur með 30 daga fyrirvara og gildir í tvær viku.

Tillagan felur í sér að í stað þess að foreldrar sækja um niðurfellingu gjalda á tilgreindu tímabili verði leikskólagjöld felld niður hjá öllum börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska), alla virka daga í báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar) og alla virka daga á milli jóla og nýárs. Ennfremur er lagt til ef foreldrar þurfa á leikskóla að halda þessa daga skuli foreldrar skrá börnin sín sérstaklega og greiða sérstaklega fyrir vistunina.

Meginreglan verður því sú að ekki er gert ráð fyrir barninu í leikskólanum þessa daga og leikskólagjöld lækkuð sem þessum dögum nemur.

Lagt er til að greitt sé fyrir vistun þessa daga samkvæmt gjaldskrá leikskóla og boðið verði upp á að skrá börn staka daga innan tímabils. Lagt er til að breytingin taki gildi þann 12. ágúst 2024 og reglum um leikskólaþjónustu verði breytt til samræmis við framangreint.

Markmiðið með tillögunni er að ná fram betri fyrirsjáanleika fyrir leikskólastjóra við skipulagningu á ofangreindum dögum, sérstaklega hvað varðar mönnun og innkaup á fæði. Með betri nýtingu á mannauði verður hægt að bjóða starfsfólki að taka út ótekið orlof eða uppsafnaða styttingu, ef næg mönnun er til staðar hverju sinni. Með því verður hægt að spara kostnað við afleysingar vegna umfram orlofs starfsmanna og yfirvinnugreiðslur vegna undirbúnings sem fellur niður og vinna þarf utan hefðbundins opnunartíma leikskólanna.

Mikilvægt er að hafa í huga að með tillögunni er vonast til að létta álag í skipulagi leikskólastarfs sem gæti haft jákvæð áhrif á starfsmannaveltu, faliðun og veikindahlutfall starfsmanna. Það hefði mjög jákvæð fjárhagsleg áhrif ef til tekst.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi draga að tillögu til skóla- og frístundaráðs.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Í tillögunni er lögð áhersla á að auka ekki við kostnað foreldra leikskólabarna umfram það sem nú er vegna vistunar barna þá daga sem um ræðir. Eingöngu er óskað eftir að foreldrar skrái börn sín sérstaklega ef þörf er á þjónustu á dögum sem falla undir áður nefnd tímabil. Í tillögunni er gert ráð fyrir að leikskólagjöld hjá öllum börnum falli niður þessa umræddu daga en kjósi foreldrar að skrá börnin sín þá er greitt samkvæmt gjaldskrá leikskóla og þannig gengur niðurfelling í raun tilbaka. Enginn kostnaðarauki miðað við núverandi gjaldskrá verður því fyrir foreldra þeirra barna sem kjósa að nýta sér þjónustuna.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Foreldrar leikskólabarna sem eru með vistun í borgarreknum leikskólum í Reykjavík. Fjöldi barna í 68 leikskólum Reykjavíkurborgar eru 5492 miðað við 23.5.2024.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.

Sá hópur sem tillagan gæti mögulega haft áhrif á eru foreldrar með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn eða þeir foreldrar sem eiga ekki greiðan aðgang að tölvu. Ástæðan er að foreldrar þurfa að skrá börnin sérstaklega í vistun þá daga sem um ræðir, u.þ.b. 10 daga á skólaári. Skráning fer fram á heimasíðu skráningarkerfisins Völu og er umsóknarfrestur auglýstur með 30 daga fyrirvara og gildir í tvær vikur. Til að tryggja að upplýsingar berist til allra aðila og til að tryggja góðan skilning á fyrirkomulaginu verður sendur upplýsingapóstur á íslensku, ensku, pólsku og/eða öðrum tungumálum sem þörf er á, til allra foreldra barna sem eru með vistun í leikskólum Reykjavíkurborgar. Ennfremur verða leikskólastjórar beðnir að benda á og minna á umsóknarfrestinn í sínum leikskólum.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Að mati fagskrifstofu leikskólamála hjá skóla- og frístundasviði er ekki þörf á jafnréttismati þar sem tillagan felur ekki í sér aukin kostnað fyrir foreldra heldur breytingu á fyrirkomulagi vegna skráningar barna á u.þ.b. 10 dögum yfir skólaárið.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.